

Nd.

275. Frumvarp

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu vera bannaðar fiskiveiðar með botnvörpum, og telst það brot gegn ákvæði þessu, er varpa er í sjó komin.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 2000—4000 kr., er renna í landssjóð; skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs, upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði.

3. gr.

Nú hittist fiskiveiðaskip í landhelgi með botnvörpu, og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 500—2000 kr. sekt til landssjóðs, nema öll veiðarfæri sje höfð í búlka innanborðs þann tíma allan, er skipið er í landhelgi. Taka skal þó, þegar sekt er metin, sjerstakt tillit, sektinni til hækkunar, til þess, hvort skip hittist þannig á fiskimiði eða annarsstaðar.

Leggja má löghald á skip, afli og veiðarfæri, og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði, eftir þessari grein.

4. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til þess að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta 50—1000 kr. sektum, er renna í landssjóð.

5. gr.

Hjerlendur maður, er leggur það í vana sinn, að dvelja á útlendum botnvörpuskipum við veiðar þeirra við Ísland, skal, ef eitthvert þessara skipa á því ári gjörir sig sekt í fiskiveiðum í landhelgi, sæta sektum eftir 4. gr. Sömu hegningu skal hver sá hjerlendur maður sæta, sem er í útlendu botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gjört þá grein fyrir dvöl sinni þar, að auðsætt er eða að minsta kosti sennilegt, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

6. gr.

Ákvæði 4. og 5. greinar gilda eigi um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

7. gr.

Skipstjóra þann, sem gjörir sig sekan í ítrekuðu broti, eða broti er mjög mikið kveður að, gegn 1. gr. þessara laga, má auk hegningar þeirrar, sem getur um í 2. grein, dæma í fangelsi (sbr. alm. hegningarlög handa Íslandi 26. gr.)

8. gr.

Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með, sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 8, 6. apr. 1898, lög nr. 18, 8. júlí 1902, lög nr. 27, 25. sept. 1902 og lög nr. 56, 30. júlí 1909.